



## TILKYNNING UM KEPPNI

### 1. Reglur.

- 1.1 Kappsiglingareglur World Sailing RRS 2017-2020
- 1.2 Keppendareglur ÍSÍ.
- 1.3 Kappsiglingafyrirmælum mótsins.
- 1.4 Kappsiglingafyrirmæli Siglingasambands Íslands.
- 1.5 Aðrar reglur: Snerting við keppnisstjórabát er óheimil
- 1.5.1 Snerting við keppnisstjórabát fyrir start þýðir DNS í næstu umferð eða í umferð sem hefur verið ræst og er ekki áfrýanlegt. Ákvæði um refsiringi vegna snertingar í reglum nr 14 & 31 gilda ekki ef bátur snertir keppnisstjórabát fyrir eða eftir start.

### 2. Auglýsingar.

- 2.1 Bátar skulu sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.
- 2.2 Regla um auglýsingar: World Sailing reglugerð 20 um auglýsingar gildir.

### 3. Þátttökuréttur.

- 3.1 Mótið er opið öllum kjölbátum og dagbátum með gilt IRC-forgjafarskírteini. Sérhver áhafnameðlimur verður að vera fullgildur félagi í siglingafélagi skv. móta og keppnisreglum SÍL.
- 3.2 Hlutgenga báta má skrá með því að fylla út hjálagt skráningarblað og senda það ásamt staðfestingu á skráningargjaldi á netfangið [brokey@brokey.is](mailto:brokey@brokey.is) fyrir 10. ágúst 2019 kl. 23:00
- 3.3 Hægt er að skrá þáttöku allt fram að fyrsta skipstjórafundi en þá bætist við 30% álag upp á þáttökugjaldið.

### 5. Þáttökugjald.

- 5.1 Keppnisgjald fyrir hvern keppanda er kr 6.000. Innifalið eru veitingar í lokahófi. Þáttökugjald með 30% álagi er 7.800 kr. Greiða á þáttökugjald inn á reikning 516-26-2707 kt. 681174-0449.

### 6. Tímaáætlun.

- 6.1 Skráningu skal lokið fyrir kl. 23:00 þann 10. ágúst 2019.
- 6.2 Dagskrá á Íslandsmótinu:
  - 14. ágúst, mótsetning kl. 21:00, skipstjórafundur í beinu framhaldi.
  - 15. ágúst, fyrstu keppni verður startað kl. 18:00. Sigldar verða a.m.k. 1 - 2 umferðir. Ekki verður startað eftir kl. 20:00
  - 16. ágúst, fyrstu keppni verður startað kl. 16:00. Sigldar verða a.m.k. 1 - 3 umferðir. Ekki verður startað eftir kl. 20:00
  - 17. ágúst, fyrstu keppni verður startað kl. 10:00 Sigldar verða a.m.k. 2 - 4 umferðir. Ekki verður startað eftir kl. 16:00
  - 18. ágúst, varadagur verður nýttur ef ekki hafa náðst 5 umferðir. Fyrstu keppni verður startað kl. 10:00 Sigldar verða nægilega margar umferðir til að ná í heildina 5 umferðum. Ekki verður startað eftir kl. 16:00
- 6.3 Sigldar verða a.m.k 5 umferðir eftir því sem veður leyfir.

# ÍSLANDSMÓT KJÖLBÁTA 2019

14. til 18. ágúst

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Ingólfsgarði



- 6.4 Keppni verður ekki ræst ef vindur er undir 2 m/s eða yfir 10 m/s, samkvæmt mælingu keppnisstjórnar.
- 6.5 Áætlaður tími fyrir viðvörunarmerki fyrstu keppni hvers dags er 5 mínútur.
- 6.6 Einungis einn skipstjórafundur verður haldinn. Allar tilkynningar til keppenda verða birtar á upplýsingatöflu í húsnæði félagsins, á sjó í VHF talstöð rás 6 og á heimasíðu félagsins. Keppnisstjórn getur haldið auka skipstjórafund en þá þarf að auglýsa það á upplýsingatöflu fyrir kl. 18:00 daginn áður.
- 6.7 Keppni skal lokið kl. 19:00 þann 17. ágúst nema framlengja þurfi keppni fram á 18. ágúst vegna veðurs og skal þá keppni lokið kl. 19:00.
- 6.8 Lokahóf með verðlaunaafhendingu hefst kl. 19:00 laugardaginn 17. ágúst og fer fram í aðstöðu félagsins í Nauthólsvík, nema ef nota þarf varadag.
  
7. **Mælingar.**
  - 7.1 Leggja skal fram gilt IRC forgjafarskírteini fyrir hvern bát við skráningu.
  
8. **Siglingafyrirmæli.**
  - 8.1 Siglingafyrirmæli verða aðgengileg a.m.k. 3 dögum fyrir mót á heimasíðu félagsins, [www.brokey.is](http://www.brokey.is) og á upplýsingatöflu í húsnæði félagsins á Ingólfsgarði.
  
9. **Keppnissvæði.**
  - 9.1 Á sundunum fyrir utan Reykjavík og á Faxaflóa.
  
10. **Keppnisbrautir.**
  - 10.1 Lýsing á brautum kemur fram í siglingafyrirmælum.
  
11. **Stigagjöf.**
  - 11.1 Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í alþjóðakappsiglingareglum.
  
12. **Verðlaun.**
  - 12.1 Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin. Og Íslandsmeistara í þeim flokkum þar sem nægjanlega margir bátar eru skráðir. Sérstök verðlaun verða veitt þeim bát sem er oftast fyrstur í mark án forgjafar.
  
13. **Köfunarbúnaður og plastlaugar.**
  - 13.1 Ekki skal nota öndunarbúnað til notkunar neðansjárvar og plastlaugar eða samsvarandi búnað við kjölbáta frá því undirbúningsmerki fyrir fyrstu keppni er gefið og þar til móti lýkur.
  
14. **Fjarskipti.**
  - 14.1 Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki er aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma. Keppnisstjórn notar rás 6 til samskipta.
  
15. **Takmörkun ábyrgðar.**

# ÍSLANDSMÓT KJÖLBÁTA 2019

14. til 18. ágúst

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Ingólfsgarði



- 15.1** Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá grunnreglu 4 í kappsiglingareglum World Sailing, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggiendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda, líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða á, fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.
- 16. Ábyrgðartrygging.**
- 16.1** Hver bátur skal vera tryggður og með gilda ábyrgðartryggingu.
- 17. Merkingar.**
- 17.1** Allir bátar skulu auðkenndir með einhverjum hætti, seglanúmeri, bátsnafni eða bátsnúmeri.
- 18. Áhöfn.**
- 18.1** Fjöldi í áhöfn skal tiltekinn við skráningu, vera samkvæmt reglum IRC og má vera +/- 1 áhafnar meðlimur. Skrá skal varamenn fyrirfram, um leið og skráning fer fram. Bregða má út frá því ef alvarleg ófyrirséð atvik koma upp.
- 18.2** Engar takmarkanir eru á breytingu þyngd áhafnar aðrar en þær sem fram koma á IRC forgjafarskírteini.
- 18.3** IRC regla 8.2.1 um forgjöf fyrir faliðaða áhöfn verður ekki heimiluð.
- 19 Önnur mál.**
- 19.1** Allar frekari upplýsingar veitir keppnisstjóri á netfangið [brokey@brokey.is](mailto:brokey@brokey.is) fram að keppnisdegi eftir það verða allar tilkynningar birtar á upplýsingatöflu í húsakynnum félagsins og á heimasíðunni [www.brokey.is](http://www.brokey.is)

# ÍSLANDSMÓT KJÖLBÁTA 2019

14. til 18. ágúst

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Ingólfsgarði



## Skráningarblað

Nafn báts: \_\_\_\_\_

Skipstjóri / kennitala: \_\_\_\_\_

Seglanúmer: ISL- \_\_\_\_\_

Forgjöf: \_\_\_\_\_

Félag sem keppt er fyrir: \_\_\_\_\_

Áhöfn, nafn / kennitala \_\_\_\_\_

Áhöfn, nafn / kennitala \_\_\_\_\_

Áhöfn, nafn / kennitala \_\_\_\_\_

Áhöfn, nafn / kennitala \_\_\_\_\_

Áhöfn, nafn / kennitala \_\_\_\_\_

Áhöfn, nafn / kennitala \_\_\_\_\_

Áhöfn, nafn / kennitala \_\_\_\_\_

Áhöfn, nafn / kennitala \_\_\_\_\_

Varamaður, nafn / kennitala \_\_\_\_\_

Varamaður, nafn / kennitala \_\_\_\_\_

### **ATH.**

Samkvæmt reglu 3.1 kemur fram að áhafnameðlimir skul vera fullgildir félagar í siglingafélagi skv. móta og keppnisreglum SÍL. Keppendum verður hugsanlega flett upp hjá ÍSÍ til að kanna þetta.